

✉ Re: 202108146 - Ósk um umsögn, Akstursípróttasvæði, Aðalskipulagsbreyting Fljótsdalshérað

Búið til	9.8.2022 16:50:04
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	9.8.2022 16:50:02
Tilheyrir	📁 202207-0018 - Aðalskipulagsbreyting Fljótsdalshérað, Akstursípróttasvæði, ósk um umsögn

Efni

Re: 202108146 - Ósk um umsögn, Akstursípróttasvæði, Aðalskipulagsbreyting Fljótsdalshérað

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	9.8.2022 16:50:02	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	soley.valdimarsdottir@mulathing.is
Cc	eydis.l.finnbogadottir@ni.is

Innihald

Góðan dag,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um vinnslutillögur fyrir bæði aðalskipulagsbreytingu og nýtt deiliskipulag.

Tilvísun í mál nr. 202207-0018 og 202207-0019 (SS).

Vísað er í tölvupóst frá skipulagsfulltrúa Múlaþings, dags. 8. júlí 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um vinnslutillögu fyrirhugaðra breytinga á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 vegna nýs akstursípróttasvæðis í Skagafelli á Eyvindarárdal.

Samhliða er til umsagnar vinnslutillaga að nýju deiliskipulagi fyrir akstursípróttasvæðið ásamt umhverfisskýrslu. Veitt er sameiginleg umsögn um aðal- og deiliskipulagstillögurnar.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um verkefnislýsingu fyrir aðalskipulagsbreytinguna þann 10. desember 2021 þar sem fram komu ýmsar ábendingar. Vísað er í þá umsögn eins og við á hér á eftir. Í þeirri umsögn kom m.a. fram eftirfarandi mat Náttúrufræðistofnunar: „áætluð uppbygging akstursípróttasvæðis [er] mjög á skjön við eðli svæðisins í dag sem friðsælt, óbyggt og að mestu óraskað svæði, í návist við náttúruverndarsvæði. Uppbyggingunni mun fylgja mikið rask í hlíðum Skagafells, og breytingar verða á

ásýnd og landslagi sem sjást munu frá ólíkum áttum ekki síst því svæðið er nálægt vegamótum. Þá mun starfseminni fylgja hávaði, ljósmengun og aukin umferð, sem getur truflað bæði útivist á nálægum svæðum m.a. innan náttúruverndarsvæðisins, en einnig dýralíf t.d. fugla, refi og hreindýr. Nauðsynlegt er að gera úttekt á náttúrufari svæðisins, gróðurfari og lífríki til að hægt sé að leggja betra mat á umhverfisáhrif áformanna.“

Náttúrufræðistofnun veitti einnig umsögn til Skipulagsstofnunar, þann 17. janúar 2022, um matsskyldu framkvæmdarinnar og þótt stofnunin teldi ekki þörf á umhverfismati komu þar fram svipaðar athugasemdir um að svæðið væri ekki heppilegt fyrir uppbyggingu akstursíþróttasvæðis og að þörf væri á frekari úttekt á náttúrufari svæðisins til að leggja betra mat á umhverfisáhrif framkvæmdarinnar.

Í greinargerð vinnslutillögu aðalskipulagsbreytingarinnar sem og vinnslutillögu deiliskipulagsins er greint frá þeim umhverfisþáttum sem helst verða fyrir áhrifum af fyrirhugaðri landnotkun. Ekki er þó byggt á nýlegri athugunum á náttúrufari eins og Náttúrufræðistofnun lagði til. Fram kemur að hávaðamengun getur orðið töluverð frá starfseminni vegna endurómunar í landslagi. Langt er í híbýli fólks en varðandi truflandi áhrif á dýralíf er bent á að hávaði vegna skotsvæðis, efnistökusvæðis og fjölfarins þjóðveggar sé þegar til staðar. Náttúrufræðistofnun telur að fylgjast þurfi vel með hávaðamengun á svæðinu og meta ætti um hversu mikla breytingu sé að ræða frá núverandi ástandi. Ekki er fjallað um truflun vegna hávaða á aðra útivist á svæðinu t.d. umferð gangandi.

Áhrif á ásýnd landslags eru metin neikvæð og kemur skýrt fram á kort sem sýnir sjónlínugreiningu að akbrautirnar á svæðinu verða mjög sýnilegar í landslaginu sérstaklega úr norðri. Rask á gróðurfari telst til neikvæðra áhrifa. Einkum er það mólendi og moslendi sem verður fyrir áhrifum. Sett er krafa um að yfirborð sé fært til fyrra horfs eftir því sem tók er á. Það er gott og mikilvægt að mati Náttúrufræðistofnunar og einnig þarf að forðast að ágengar plöntur dreifist um svæðið í tengslum við rask.

Náttúrufræðistofnun telur að frekari úttekt á náttúrufari svæðisins, einkum dýralífi, sem og nákvæmara mat á hávaðamengun sé nauðsynleg og að þær upplýsingar geti t.d. haft áhrif á hvers konar ökutæki fá heimild til að nota svæðið því truflun vegna hávaða sé sá umhverfisþáttur sem er líklegastur til að veita hvað þyngst til viðbótar við ásýndaráhrifin sem liggja nokkuð ljóst fyrir. Stofnunin telur enn að þessi uppbygging sé á skjön við eðli svæðisins í dag þrátt fyrir að efnistaka og skotsvæði sé til staðar. Því sé afar mikilvægt að hafa sem gleggsta mynd af áhrifum framkvæmdarinnar og þess vegna sé þörf á frekari og nýrri athugunum en umhverfismat efnistökusvæðisins er orðið yfir 15 ára gamalt.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við vinnslutillöguna en áskilur sér rétt á athugasemdum síðar ef svo ber undir.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Sóley Valdimarsdóttir" <soley.valdimarsdottir@mulathing.is>
To: "fjardabyggd@fjardabyggd.is" <fjardabyggd@fjardabyggd.is>; "Vegagerðin - VG" <Vegagerdin@vegagerdin.is>; "Heilbrigðiseftirlit Austurlands" <haust@haust.is>; "Þuríður Elísa Harðardóttir" <thuridur@minjastofnun.is>; "Umhverfisstofnun" <ust@ust.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "Land.is - LAND" <land-land@land.is>; "Skipulagsstofnun - SLS" <skipulag@skipulag.is>
CC:
Subject: 202108146 - Ósk um umsögn, Akstursíþróttasvæði, Aðalskipulagsbreyting Fljótsdalshérað
Date: 8.7.2022 14:49:30

Góðan daginn,

Í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með óskað eftir umsögn við vinnslutillögu fyrirhugaðra breytinga á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 vegna nýs akstursíþróttasvæðis í Skagafelli á Eyvindarárdal.

Greinargerð dags. 6. júlí er í viðhengi.

Umsagnir óskast sendar á netfangið skipulagsfulltrui@mulathing.is (mailto:skipulagsfulltrui@mulathing.is) fyrir **12. ágúst nk.**

Bestu kveðjur,

Sóley Valdimarsdóttir
Ritari á umhverfis- og framkvæmdasviði
Sveitarfélagið Múlaþing
(354) 4 700 748
soley.valdimarsdottir@mulathing.is
(mailto:soley.valdimarsdottir@mulathing.is)
www.mulathing.is
(http://www.mulathing.is/)

Skilmálar varðandi tölvupósti
(https://eur03.safelinks.protection.outlook.com/?url=https%3A%2F%2Fwww.mulathing.is%2Fis%2Fmoya%2Fpage%2Fskilmalar-vardandi-tolvupost&data=04%7C01%7Csoley.valdimarsdottir%40mulathing.is%7C8f5372b93ec54915442108d9d73e199c%7C556ee80a0b7a4238a9e85101272737b2%7C1%7C0%7C637777484033605395%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljiMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTiI6Ikl1haWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C3000&sdata=vqxDbfZRcDt3U1QYokvqOimsvPQnwLEB%2FEfd5h1k71k%3D&reserved=0)

Viðhengi

image001.png (5 KB)